

# Sveitarstjórn Skagabyggðar fundargerð 12.06.2019

## Fundur 4-2019

---

Fundur haldinn í sveitastjórn Skagabyggðar miðvikudaginn 12. júní 2019

í Skagabúð kl. 13:00.

Mætt voru: Dagný Rósa Úlfarsdóttir, Kristján Steinar Kristjánsson, Magnús Björnsson, Magnús Guðmannsson og Karen Helga R. Steinsdóttir.

Oddviti setti fund og stjórnaði honum.

### **Dagskrá:**

**1. Ársreikningur 2018, seinni umræða**

**2. Fjallskilamál**

**3. Kálfshamarsvík**

**4. Bréf og fundargerðir**

**a) Norðurá bs.**

**-fundargerð 90.fundar 5. febrúar 2019**

**-fundargerð 9.fundur 27. maí 2019**

**b) Þjónusturáð fatlaðra**

**-fundargerð 4. júní 2019**

**-ársskýrsla 2018**

**c) Bjarni Stefánsson f.h. sýslumanna**

**-bréf dags. 10. maí 2019**

**-áskorun til stjórnvalda**

**d) UNICEF**

**e) Flugklasi Air66 N**

**5. Persónuverndarmál**

**6. Önnur mál**

### **1. Ársreikningur 2018, seinni umræða**

Haraldur Reynisson frá KPMG var með á símafundi og fór þar yfir endurskoðunarskýrslu með sveitastjórn. Farið yfir ársreikning og hann ræddur. Ársreikningur borinn upp til atkvæðagreiðslu, samþykktur samhljóða og undirritaður.

Rekstrartekjur A og B hluta voru kr. 87.403.000.

Rekstrargjöld A og B hluta voru kr. 83.465.000.

Rekstrartap A og B hluta að teknu tilliti til frádreginna afskrifta og fjármagnsgjalda er kr. 1.135.000.

# Sveitarstjórn Skagabyggðar fundargerð 12.06.2019

## Fundur 4-2019

---

### 2. Fjallskilamál

-Umræður um afréttargirðingar og ágang búfjár á heimalönd. Eftirfarandi er bókað í sveitastjórn:

Sveitarstjórn hvetur landeigendur og umráðamenn lands til að viðhalda girðingum, bæði heimalandsgirðingum og veggirðingum.

Sveitarstjórn beinir því til búfjáreigenda að þeir gæti þess að búfé þeirra valdi ekki ágangi á heimalönd annarra allt árið um kring. Þá ítrekar sveitarstjórn ábyrgð og skyldur búfjáreigenda og þar með talið að þeir gæti þess að ekki skapist slyshætta af búfé.

-Verktaki hefur verið fenginn til að yfirfara girðingar við Skagarsrönd og verður farið í þær á næstunni.

### 3. Kálfshamarsvík

Samþykkt að ganga til samninga við Trésmiðju Kára Lárussonar um smíði á klósetthúsaeyningu samkvæmt tilboði.

Til bráðabirgða verður komið upp vatnstanki við núverandi salerni.

Umræður um næstu skref í framkvæmdum við Kálfshamarsvík. Rætt um að byrja á bílastæðaplani, plani undir klósettaðstöðu og að girða svæðið af.

### 4. Bréf og fundargerðir

#### a) Norðurá bs.

-fundargerð 90.fundar 5. febrúar 2019

-fundargerð 91.fundur 27. maí 2019

-gögn frá aðalfundi 2019

Fundargerðir og gögn lögð fram til kynningar.

#### b) Þjónusturáð fatlaðra

-fundargerð 4. júní 2019

-ársskýrsla 2018

Lögð fram til kynningar.

#### c) Bjarni Stefánsson f.h. sýslumanna

-bréf dags. 10. maí 2019

-áskorun til stjórnvalda

Lagt fram til kynningar.

# Sveitarstjórn Skagabyggðar fundargerð 12.06.2019

## Fundur 4-2019

---

---

### d) UNICEF

Hvatning til sveitafélaga um að setja sér heilstætt og samræmt verklaga vegna gruns um ofbeldi og vanrækslu fyrir allar stofnanir sem starfa með börnum. Bréfið lagt fram til kynningar.

### e) Flugklasi Air66 N

Erindi frá Flugklasanum Air66 N þar sem óskað er eftir fjárstuðningi við verkefnið. Erindinu hafnað.

### 5. Persónuverndarmál

Gert grein fyrir stöðu persónuverndarmála í Skagabyggð.

### 6. Önnur mál

- Sagt frá fundi á vegum Mannvirkjastofnunar og Íbúðalánasjóðs.
- Lagt fram tilboð frá Enor varðandi endurskoðun og ársreikningagerð fyrir 2019. Með tilboðinu fylgir verkáætlun. Tilboðið samþykkt og ákveðið að ganga til samninga við Enor.
- Ákveðið að taka brotajárn fyrstu vikuna í ágúst.
- Tilnefna þarf varamann í Almannavarnarnefnd Húnavatnssýslna. Magnús Guðmannsson tilnefndur.
- Samþykkt er tillaga Almannavarnarnefndar um fjárframlag á íbúa að upphæð 250 kr. fyrir árin 2019 og 2020.

Fleira ekki tekið fyrir, fundargerð lesin upp og samþykkt.

Fundi slitið kl. 16:30

---

Dagný Rósa Úlfarsdóttir

---

Magnús Björnsson

---

Magnús Guðmannsson

---

Karen Helga R. Steinsdóttir

---

Kristján Steinar Kristjánsson